

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

1. stjórnarfundur L.H. haldinn í Bændahöllinni 9.11.90 kl. 16.00

Mættir: Kári, Gunnar, Guðmundur, Halldór, Jón, Elísabet, Sigrún, Ingimar, Skúli, Sigbjörn, Kristmundur og Hjalti.

1. Ákveðin röð varamanna með hlutkesti.

1. Sigfús Guðmundsson.
2. Sigrún Sigurðardóttir.
3. Kristmundur Halldórsson.
4. Sigbjörn Björnsson.
5. Elísabet Þ. Þórólfssdóttir.

2. Stjórn skiptir með sér verkum.

Gunnar B. Gunnarsson, gjaldkeri,
Guðmundur Jónsson, ritari.

3. Tekin fyrir tillaga á þingskjali 3-A um innheimtu á gjaldi til áningahólfra. Þetta verður kynnt mótshöldurum lands- og fjórðungsmóta.

Tekin fyrir tillaga á þskj. 5. Þetta skal sent Búnaðarfélagi Íslands.

Tekin fyrir tillaga á þskj. 6. Sendist Búnaðarfélagi Íslands.
Athuga betur orðalag tillögunnar.

Tekið fyrir þskj. 7. Gunnar skýrði málíð sem þykir sérstakt. Niðurstaða var sú, að Hending og Stormur skipi sitthvern manni inn til viðræðna við Vegagerðina á Vestfjörðum, þannig að framkvæmd þessa málaflokks komist í gott horf til frambúðar. Samþykkt að minna Vegagerðina á samþykkt frá 1982 um meðferð reiðvegafjár, og ítreka eftirlitsskyldu Vegagerðarinnar. Ennfremur áréttu að vanda efnisval og vinnubrögð. Skrifstofunni falið að kanna hverjir eru fulltrúar L.H. gagnvart Vegagerðinni í hverjum landshluta og taka endurskipun þeirra fyrir á næsta fundi. Tekið fyrir álit mótanefndar á þinginu og samþykkt varðandi úrtöku fyrir lands- og fjórðungsmót skal send félögum.

Rætt um ráðstefnuhald vegna stórmóta, sem var niðurstaða afgreiðslu þskj. 17 og 21. Stefnt skal að, að félögin sendi 1 fulltrúa hvort á fund, þar sem þessi mál verði rædd og fengin fram stefnumörkun. Ekki tekin ákvörðun um dagsetningu að svo stöddu og athuga þarf hvernig að undirbúningi verður staðið. Þó var farið yfir þá liði álits stórmótanefndar, sem samþykktir voru. Þetta var síðan rætt nokkuð.

Rætt um tillögu á þskj. 13 um könnun á hestgerð og óskum hestamanna þar um. Gunnar stakk upp á að leitað yrði til valins hóps hestamanna um álit og Gunnari og Skúla falið að ræða við Halldór Árnason B.Í. um ráðgjöf.

Rætt um samþykkt á þskj. 14. Samþykkt að koma þessu á framfæri við hlutaðeigandi og minna á þetta mál.

Senda umferðarráði og Vegagerðinni þessa samþykkt.

Gunnar sagði frá því að stjórn Sleipnis hefði ákveðið að senda öllum félagsmönnum sínum endurskinsmerki.

Rætt þskj. 15. Verður sent forstöðumönnum lands- og fjórðungsmóta.

Rætt þskj. 16. Þessu verður komið á framfæri. Í framhaldi spunnust umræður um hve búningar sumra félaga eru líkir, og einkum hve búningar F.T. og Óðins eru líkir.

Rætt um þskj. 18 og verður sú samþykkt kynnt.

Rætt um þskj. 19. Sigrún tekur að sér að fara yfir þetta og fella inn í reglur þar sem við á. Þetta tekur gildi nú.

Rætt um þskj. 20. Lagabreytingar verði felldar inn í þar sem við á.

Rætt um þskj. 21. Skrifstofunni falið að senda Landgræðslunni, Náttúruverndarráði og Skógræktinni.

Rætt um þskj. 23. Samþykktin er almenns eðlis. Þá benti Skúli á leiðréttigar sem hann taldi að þyrfti að gera. Verður því komið á framfæri, í samráði við hann.

4. Borist hefur bréf frá Búnaðarféluginu ásamt meðfylgjandi fjölditi um stigunarkvarða o.fl. Rætt var um þetta og fleira varðandi hrossaræktina og kynbótadóma, stigunarkvarðann og fleira. Fundarmenn voru á því að reglurnar þyrftu að komast í gagnið. Þá ræddi Skúli ýmislegt varðandi starfið í hrossaræktarnefndinni. Stefnt skal að því að taka þessi mál fyrir á næsta fundi.

5. Skipað í nefndir:

Ferða- og umhverfismálanefnd.

Guðbrandur Kjartansson
Óttar Kjartansson
Lárus Bragason
Gunnar Egilsson
Helgi Helgason.

Fræðslu- og útgáfuneftnd:

Stjórnin ákvað að huga að verkefni nefndarinnar og ræða það á næsta fundi.

Gæðinga- og unginganefnd:

Skipun frestað.

Mótanefnd:

Sigfús Guðmundsson
Sigbjörn Björnsson.
Ingimar Ingimarsson
Pétur J. Hákonarson.
Porkell Jónsson.

Nefnd til að skoða málefni unglings. Rætt var um hugsanlega nefndarmenn og verður það staðfest síðar.

Lyfjanefnd:

Helgi Sigurðsson
Guðbjörg Kristinsdóttir.
Kristmundur Halldórsson.

Samráðsnefnd við Náttúruverndarsamtök.

Kári Arnórsson.

6. Borist hefur boð um að senda fulltrúa á ráðstefnu um Sjálfbæra þróun 17. og 18. nóvember í Hrafnagilsskóla. Skúli tekur að sér að fara og fundinn verður annar fulltrúi með honum.
7. Reiðhallarmál. Kári ræddi þetta nokkuð og skýrði frá gangi mala. Kári og Guðmundur fara og ræða við Fjárveitinganefnd um þetta mál. Ekki er mikið farið að ræða um rekstur í vetur. Fundur verður á næstunni í stjórn Reiðskólans h.f. Reksturinn gekk upp í fyrra.
8. Kári greindi frá þingi H.Í.S. og upplýsti hann að nú væri grundvöllur til að koma á samstarfi um skrifstofuhald og framkvæmdastjóra.
9. Rætt um fulltrúa íslendinga í stjórn F.E.I.F. Þett var útskýrt af formanni og rætt nokkuð í framhaldi af því. Sigurður Ragnarsson hefur verið fulltrúi Íslands og mun hætta á næsta ári. Huga þarf að manni í stað hans.
10. Elísabet minntist á, að almennir hestamenn vissu lítið hvað stjórn L.H. væri að fjalla um á hverjum tíma. Minntist hún á, að gott væri að Jóreykurnn færi víðar en hann gerir. Þá ræddu menn um, að koma fréttum í hestablöðin, annað eða bæði.
11. Rætt um bókun 4 frá fundi 25.09.90 um framkvæmdaatriði landsmóts. Ítrekað að koma þessu á.

Fundi slitið kl. 19.30.

Jón Bergsson
Gunnar B. Gunnarsson
Kári Arnórsson
Kristmundur Halldórsson
Elísabet Þ. Þórólfssdóttir
Ingimar Ingimarsson.

Guðmundur Jónsson
Skúli Ögm. Kristjónsson.
Sigbjörn Björnsson
Sigrún Sigurðardóttir